

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 237/2017

2019/EES/80/29

frá 15. desember 2017

## um breytingu á VII. viðauka við EES-samninginn (Viðurkenning á faglegri menntun og hæfi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/983 frá 24. júní 2015 um málsmeðferð við útgáfu evrópska fagskírteinisins og beitingu viðvörunarkerfisins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) VII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

## 1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/172/EB) í VII. viðauka við EES-samninginn:

„1b. **32015 R 0983**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/983 frá 24. júní 2015 um málsmeðferð við útgáfu evrópska fagskírteinisins og beitingu viðvörunarkerfisins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB (Stjtið. ESB L 159, 25.6.2015, bls. 27).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/983, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2017 frá 5. maí 2017 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Sabine Monauni**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 159, 25.6. 2015, bls. 27.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 36, 7.2.2019, bls. 52. og EES-viðbætur nr. 11, 7.2.2019, bls. 62.